



Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Reykjavík 20. ágúst 2019

Góðan daginn

Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ) mun halda heimsmeistaramót kvenna riðil IIB 23.-29. febrúar 2020. Ákveðið hefur verið í samráði við heimamenn að mótið fari fram í Skautahöllinni á Akureyri. Þátttökuþjóðir auk Íslands eru Króatía, Nýja Sjáland, Tyrkland, S-Afríka og Ástralía.

Stórkostlegt er að fá að halda alþjóðlegt íshökkí mót sem þetta á Akureyri og vonumst við eftir að mótið verði eftirminnilegt og hið glæsilegasta, þannig að allir aðilar verði stoltir af.

Mjög fjárfrekt er að halda mót af þessari stærðargráðu, það helsta er hótélkostnaður, ferðir innanlands, fæði og skipulagning. Það kostar ÍHÍ um 35 milljónir króna að halda þetta mót á Akureyri og fáum við að hluta til styrk frá Alþjóða Íshökkísambandinu (IIHF).

Heimsmeistaramótið er mikil kynning fyrir íshökkí á Íslandi og þá sérstaklega íshökkí kvenna. IIHF kynnir mótið fyrir þúsundum manna og kvenna um heim allan og nýtir sér helstu samskiptamiðla til að kynna Akureyri sem mótstað. Streymt verður frá öllum leikjum mótsins.

Það verður virkilega ánægjulegt að halda þetta mót á Akureyri, sérstaklega með það í huga að stór hluti kvennalandsliðsins býr á staðnum. Tengist þetta mót vel þeirri skautahefð sem hefur ríkt á Akureyri í áratugi. Í raun er þrekvirki að fara með svona stórt mót norður fyrir heiðar, en með samstilltu átaki og jákvæðu hugarfari heimamanna er allt hægt og hlökkum við til samstarfsins.

Íshökkísamband Íslands óskar eftir því að aðkoma Akureyrarbæjar verði;

- Fjárframlag vegna húsaleigu og annan tilfallandi kostnað varðandi Skautahöllina á Akureyri, kr 2.000.000.-
- Fjárframlag vegna flutnings leikmanna og starfsfólks frá Keflavíkurflugvelli til Akureyrar og til baka, kr 2.000.000
- Frítt fyrir þátttakendur í sund, listasöfn, skíðasvæði.
- Hátíðarboð – kvöldmatur og hátíðardagskrá fyrir starfsfólk Alþjóða Íshökkísambandsins ásamt liðsstjórum liðanna og annarra boðsgesta, kr 300.000.-

Í von um frábært og gleðilegt samstarf.

Með bestu kveðju

Konráð Gylfason
Framkv.stj. ÍHÍ